

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 895 (7.2.2019) - Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki, endurskoðun á reglum

Málsnúmer : 201709014
Málsaðili : Dalvíkurbyggð
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 07.02.2019

Inngangur : Á 38. fundi atvinnumála- og kynningarráðs þann 7. nóvember 2018 var meðal annars eftirfarandi bókað:
„Með fundarboði byggðaráðs fylgdi drög að nýjum reglum fyrir nýsköpunar- og þróunarsjóð Dalvíkurbyggðar. Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísa reglunum eins og þær liggja fyrir til umsagnar í atvinnumála- og kynningarráði.“
Atvinnumála- og kynningarráð hefur kynnt sér reglurnar og gerir nokkrar tillögur að breytingum og er upplýsingafulltrúa og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að koma þeim á framfæri við byggðaráð.“

Með fundarboði byggðaráðs fylði ofangreind tillaga að reglum fyrir nýsköpunar- og þróunarsjóð Dalvíkurbyggðar eftir skoðun og yfirferð bæjarlögmanns, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og upplýsingafulltrúa.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Á fundinum voru gerðar nokkrar tillögur að breytingum og samþykkir byggðaráð samhljóða með 3 atkvæðum að vísa þeim til bæjarlögmanns og fjármála- og stjórnsýslusviðs til skoðunar.